

34. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF) - lokafundur

Haldinn þriðjudaginn 16. mars 2021 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bogi Nils Bogason, Björn Ragnarsson og Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Fyrirverandi stjórnarmenn: Ragnheiður Elín Árnadóttir, Björgólfur Jóhannsson, Grímur Sæmundsen, Halldór Halldórsson, Helga Árnadóttir, Þórir Garðarsson.

Aðrir: Anna Katrín Einarsdóttir fv. starfsmaður SF, Guðfinna S. Bjarnadóttir ráðgjafi, Hildur Kristjánsdóttir fv. starfsmaður SF, Hörður Þórhallsson fv. framkvæmdastjóri SF, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri (ANR) Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Ólöf Ýrr Atladóttir fv ferðamálastjóri, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Fundargerð síðasta fundar (ráðherra)

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vef ANR.

2. Staða greinarinnar – skýrsla KPMG frá desember 2020 (KPMG/FMS)

Benedikt Magnússon frá KPMG kynnti stuttlega meginatriði í skýrslu fyrirtækisins frá desember sl. um stöðu greinarinnar í kjölfar COVID-19 faraldursins.

3. Verkefni Stjórnstöðvar ferðamála 2015-2020 (framkvæmdastjóri)

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Stjórnstöðvar á starfstíma hennar og lærdóm af því að nálgast þverlæg málefni með „whole-of-government“ aðferðafræði.

4. Árangur af starfi Stjórnstöðvar ferðamála 2015-2020 (ráðherra)

Ráðherra fór yfir árangur af starfsemi Stjórnstöðvar á starfstíma hennar og gerði grein fyrir því að hinu mikilvæga samtali stjórnvalda og greinarinnar yrði framhaldið á vettvangi Ferðamálaráðs sem skipað yrði skv. lögum um Ferðamálastofu.

5. Önnur mál.

Grímur Sæmundsen, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Bjarni Benediktsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir héldu stuttar framsögur þar sem þau fóru yfir aðdragandann að starfi Stjórnstöðvar og þökkuðu þann árangur sem náðst hefði á líftíma hennar.

Fundi slitið kl. 16:00.